

sé trúlaus maður. Fer hann þá til mannsins og spyr hann, því hann vilji hafa kirkju, ef hann sé ekki kristinn maður.

Hann svarar þá: „Þú, loftið hér er svo ilt. (Hann átti við andlega loftið.) Það er alt öðruvísi en þar sem eg var áður. En þar voru kirkjur. Nú langar mig til þess að sjá, hvort kirkja og prestur muni ekki geta bætt loftið hérna.“

Börn! Þessi maður fann mismuninn á því að vera þar sem guðs orð var prédikað og þar sem ekkert var hirt um það. Hann var ekki svo blindur af ofstækisfullu hatri á kristindóminum, að hann væri ekki fús til að kannast við hin góðu áhrif hans á mannlífið. Sumir bera svo mikla óbeit í hjarta sínu til kristindómsins, að þeir vilja ekki sjá neitt gott hjá honum. Það er verst fyrir þá sjálfa eins og alla, sem ekki vilja sjá það, sem gott er.

Kristin kirkja á allstadar að bæta mannlífið, hvar sem hún er. Enda gerir hún það. Hún er *salt* í heiminum, eins og Jesús sagði um hana. En hún er það að eins fyrir það, að hún trúir á *Jesúm* og vitnar um hann. Frá Jesú fær hún kraft til þess að bæta lífið — frá *honum*, sem bætir hvern manna, sem á hann trúir.

Það er gott að trúa á Jesúm og eiga hann, börn!

—o—

Í LITLA KRÓKNUM.

(Þýtt.)

Gréta litla var að hjálpa til í eldhúsinu og fægði hnífana. Einhver hafði verið ógætinn og látið hnífinn einn ryðga, en Gréta nuddaði hann í ákafa og raulaði á meðan:

„Viða' er ljósvant hjá lýðum.

Oss lýsa ber —

í króknum litla þínum þér,

í mínum mér.“

„Því ertu einlægt að nudda hnífana þá arna?“—spurði María. Hún var eldabuskan.

„Af því þeir eru í „króknum“ mínum“—svaraði Gréta kát. „Oss lýsa ber — í króknum litla þínum þér“—manstu; „í mínum mér.“—Eg geri það, sem eg get. Meira get eg ekki.“

„Ef eg væri þú, bá myndi eg ekki vera að eyða kröftum mínum í þessu“—sagði María. „Eg veit, að enginn tekur eftir því.“

„Jesús tekur eftir því“—sagði Gréta. Hélt svo áfram verkinu sínu og söng:

Oss lýsa ber —